



Úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara árið 2015.

1. Inngangur og markmið

Plöntuverndarvörur eru notaðar í landbúnaði og garðyrkju til þess að hefta vöxt, varna sýkingum og skemmdum í gróðri af völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti plantna. Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 er að óheimilt að tollafgreiða plöntuverndarvörur nema markaðsleyfi þeirra liggja fyrir. Umhverfisstofnun kallar eftir vörureikningi við tollafgreiðslu á þessum vörum og staðfestir með áritun sinni, að vörur sem tilgreindar eru á honum hafi markaðsleyfi hér á landi og að heimilt sé að tollafgreiða þær.

Um leið og veitt er heimild til tollafgreiðslu vegna plöntuverndarvara samkvæmt ofangreindu eru skráðar upplýsingar af vörureikningi um þær vörur sem eru leyfisskyldar til að fá yfirlit yfir það hve mikið af hverri er sett á markað hér á landi. Þessar upplýsingar eru lagðar til grundvallar við að áætla sölu og notkun á plöntuverndarvörum hér á landi og hafa því mikla þýðingu til að meta hvort árangur sé í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í aðgerðaáætlun um notkun varnarefna um það að draga úr notkun á plöntuverndarvörum. Jafnframt eru þessar upplýsingar lagðar til grundvallar við gagnaskil til Hagstofu Íslands, alþjóðastofnana og fleiri aðila og því ljóst að mikilvægt er að geta treyst því að upplýsingarnar sem fást með þessum hætti gefi rétta mynd af því hve mikið af plöntuverndarvörum fer á markað hér á landi.

Í maí 2015 var gerð úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara fyrir árið 2014¹ og hér er greint frá sambærilegri úttekt vegna ársins 2015 þar sem markmiðin eru þau sömu, það er að segja:

- Að skoða hvort upplýsingar sem fengnar eru úr gögnum Umhverfisstofnunar vegna tollafgreiðslu á plöntuverndarvörur séu í samræmi við upplýsingar sem fram koma í skrá Tollstjóra.
- Að athuga hvort tollflokkun sé hugsanlega ábótavant, þannig að gögn um tollafgreiðslu gefi ekki réttar upplýsingar um þær plöntuverndarvörur sem boðnar eru fram á markaði hérlendis.

¹ http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Samantekt_um_verkefnið_PVV_2014.pdf

2. Framkvæmd

Tollstjóri lætur Umhverfisstofnun á hverju ári í té skrár yfir vörur í ákveðnum tollflokkum sem koma til tollafgreiðslu hjá embættinu, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um það hvaða aðilar óska eftir tollafgreiðslu, í hvaða tollflokk vörunar falla og nettóþyngd á vörum í hverjum tollflokki.

Í þessari úttekt er athyglinni beint að plöntuverndarvörum og unnið með gögn frá Tollstjóra fyrir árið 2015 varðandi tollafgreiðslu á vörum í eftirfarandi tollflokkunum:

- 3808.5000: - Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírún, efni til að stjórna plöntuvexti, sóttthreinsandi efni og áþekkar vörur.
- 3808.9100: - Skordýraeyðir; - Sveppaeyðir
- 3808.9300: - Illgresiseyðir, spírúnareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti
- 3808.9900: - Annað.

Gögn Umhverfisstofnunar, sem aflað er við áritun vegna tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum, voru borin saman við gögn Tollstjóra til þess að leiða í ljós hvort veitt hafi verið áritun við tollafgreiðslu á vörum í ofangreindum tollflokkum og hvort tollflokkun væri í einhverjum tilfellum röng.

3. Niðurstöður

Samkvæmt gögnum frá Tollstjóra fengu 10 fyrirtæki tollafgreiðslu á árinu 2015 fyrir plöntuverndarvörum sem falla undir þá tollflokka sem voru til skoðunar í þessari athugun (1. tafla). Til samanburðar má sjá hvaða fyrirtæki fengu tollafgreiðslu á þessum vörum árin 2013 og 2014.

1. tafla. Fyrirtæki sem fengu tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum í tollflokkum 3808.5000, 3808.9100, 3808.9300 og 3808.9900 árin 2013, 2014 og 2015.

<u>Fyrirtæki:</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>	<u>2015</u>
Bauhaus Ísland ehf	X	X	X
Demeter ehf	X	X	X
Espiflöt ehf		X	X
Frjó Umbúðasalan ehf	X	X	X
Garðheimar Gróðurvörur ehf	X	X	X
Grastec ehf			X
Grænn markaður ef	X	X	X
Innigarðar ehf		X	
Kemi ehf			X
Nathan og Olsen hf	X	X	X
Planta ehf		X	X

Alls voru tollafgreidd tæp 26 tonn af vörum á árinu 2015 í þeim tollflokkum sem verkefnið nær til og er það um 34% aukning frá árinu 2014 (2. tafla). Veitt var áritun fyrir 24,5 tonnum (96%) en 1,1 tonn (4%) fengu tollafgreiðslu án áritunar. Til samanburðar voru tollafgreidd 16,7 tonn af vörum á árinu 2014 í þeim tollflokkum sem hér eru til skoðunar, þar af var veitt áritun fyrir 15,9 tonnum (95%), en 0,8 tonn (5%) fengu tollafgreiðslu án áritunar. Hlutfall plöntuverndarvara sem kemur til áritunar áður en tollafgreiðsla á sér stað er því svipað og frá fyrra ári.

2. tafla. Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum í tollflokkum 3808.5000, 3808.9100, 3808.9300 og 3808.9900 árin 2014 og 2015.

	2014		2015		Breyting milli ára	
	tonn	%	tonn	%		
Tollafgreitt alls	16,7		25,6		+ 8,7 tonn	+ 34%
...þar af með áritun	15,9	95%	24,5	96%		
...þar af án áritunar	0,8	5%	1,1	4%		

Aukning var á tollafgreiðslu milli áráanna 2014 og 2015 eða um 8,7 tonn (34%), og má rekja þessa aukningu til innflutnings á plöntuvarnarvörunni Casoron G sem var tæp 12 tonn. Sala á þessari vöru hefur verið óheimil frá 1. janúar 2016, en heimilt er að nota efnið til 31. desember 2016. Þess má geta að varan Casoron G fannst ekki í sölu við reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar 2016.

Plöntuverndarvörur sem fengu tollafgreiðslu á árinu 2015 komu frá 7 löndum og algengustu upprunalöndin voru, eins og í fyrri athugun, Belgía, Danmörk og Holland, en 93% varanna áttu uppruna sinn í þessum löndum.

Í 3. töflu má sjá hvernig vörur sem komu til tollafgreiðslu á árunum 2014 og 2015 féllu í tollflokka. Á árinu 2015 kom langmest til tollafgreiðslu í tollflokk 3808.9300 eða 21,0 tonn sem nemur um 82% af því sem var tollafgreitt af þessum vörum í heild það ár. Þar næst komu vörur í tollflokk 3808.9100 eða 4,3 tonn eða um 17% og að lokum 0,3 tonn (1%) féllu í tollflokk 3808.5000 og 3808.9900. Skiptingin á árinu 2014 var aftur á móti þannig að tollafgreidd voru 10,8 tonn af plöntuverndarvörum í tollflokk 3808.9300 (65%), 5,8 tonn í tollflokk 3808.9100 (35%) og 0,1 tonn í tollflokk 3808.5000 (0,6%).

3. tafla. Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum árin 2014 og 2015 sundurliðað eftir tollnúmerunum 3808.9100, 3808.9300, 3808.5000 og 3808.9900.

Tollflokkur		2014		2015	
		tonn	%	tonn	%
3808.9300 Illgresiseyðar, stýriefni	Tollafgreitt í flokki	10,8		21,0	
	...þar af með áritun	10,5	97%	20,4	97%
	...þar af án áritunar	0,3	3%	0,6	3%
3808.9100 Skordýraeyðar, sveppaeyðar	Tollafgreitt í flokki	5,8		4,3	
	...þar af með áritun	5,4	93%	4,1	95%
	...þar af án áritunar	0,4	7%	0,2	5%
3808.5000 Vörur tilgreindar í 1. athugasemd við undirlið við 38. kafla tollskrár ²	Tollafgreitt í flokki	0,1		0,2	
	...þar af með áritun	0	0%	0	0%
	...þar af án áritunar	0,1	100%	0,2	100%
3808.9900 Annað	Tollafgreitt í flokki	0		0,1	
	...þar af með áritun	0	0%	0	0%
	...þar af án áritunar	0	0%	0,1	100%

² Sbr. c-lið 34. tl. 1. gr auglýsingar nr. 142/2006 (A-deild Stjórnartíðinda, gildistöku dagur 1. janúar 2007)



Hlutfall vara sem fengu tollafgreiðslu án áritunar er lægst 3% í tollflokki 3808.9300 á árinu 2015, en hæst í tollflokki 3808.9100 á árinu 2014 (7%), þ.e.a.s. ef undanskyldar eru vörur í tollflokki 3808.5000 og 3808.9900 en þær komu aldrei til áritunar. Eins og áður eru ríkari brögð að því að vörur í tollflokki 3808.9100, heldur en vörur í tollflokki 3808.9300, séu tollafgreiddar án þess að fá heimild Umhverfisstofnunar til tollafgreiðslu, en þó er þessi munur ekki mikil á árinu 2015.

Eins og í eftirliti vegna ársins 2014 var nokkuð um það að plöntuverndarvörur væru ekki rétt tollflokkaðar og algengast var að sjá að vörur sem teljast til sveppaeyða, og hefðu því átt að flokkast í tollflokk 3808.9100 (skordýra-, sveppaeyðar), voru settar í tollflokk 3808.9201 (fúavarnarefni). Þetta var leiðrétt við úrvinnslu á gögnunum í þeim tilfellum þar sem augljóst var að flokkunin væri röng og munu hlutaðeigandi fyrirtæki verða upplýst um þetta.

4. Lokaorð

Í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar í efnalögum og nauðsyn þess að afla upplýsinga um setningu plöntuverndarvara á markað mun stofnunin fylgjast náið með því hvaða plöntuverndarvörur eru boðnar fram á markaði hér á landi. Einn liðurinn í því er að fylgjast með tollafgreiðslu á þessum vörum. Mikilvægt er að hafa ætíð bestu tiltækar upplýsingar um markaðssetningu á þessum vörum til þess að styðjast við í stefnumótun til framtíðar, þar á meðal við endurskoðun aðgerðaáætlunar um notkun á plöntuverndarvörum og til að reikna út hvort verið sé að áhættuvísa vegna notkunar þeirra. Þá eru slíkar upplýsingar einnig nýttar við skyldubundin gagnaskil til innlendra og erlendra aðila. Upplýsingar um tollafgreiðslu eru einnig mikilvægar við að bæta samskiptin við þá er koma að tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum varðandi leiðbeiningar við tollafgreiðslu ef þörf er á.

19. september 2016

Helga Ösp Jónsdóttir, verkefnisstjóri